




Reykjavíkurborg
Innri endurskoðun

14/03/2018

Úttekt á verkferlum hjá Barnavernd



Inngangur.....	2
Helstu niðurstöður.....	4
Ráðningarferli starfsfólks á velferðarsviði	6
Upplýsingaöflun úr sakaskrá	6
Framkvæmd.....	6
Tillögur starfshóps í júní 2015 um verklag vegna ráðninga starfsfólks til umönnunarstarfa og til starfa með börnum og unglingum.....	8
Tillögur starfshópsins í stuttu máli:	8
Afdrif skýrslu og framkvæmd tillagna	8
Rannsókn á tilkynningu til Barnaverndar.....	10
Umhverfi – ytri aðstæður	10
Barnaverndarlög um úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum	11
Fundargerðir úthlutunarfunda	11
Nafnlausar tilkynningar	12
Viðtal við systur brotaþola (B) um tilkynningu um sakborning (A)	13
Starfsemi stuðningsheimila velferðarsviðs.....	15
Viðtal við forstöðumann skammtímaheimilisins Hraunbergi.....	16
Barnaverndarstofa.....	18
Viðauki I Verklag og verkferlar hjá Barnavernd Reykjavíkur	20
Viðauki II Minnisblað Barnaverndarstofu vegna fyrirspurnar Innri endurskoðunar dagsett 15. febrúar 2018	22
Viðauki III Tölfræði barnaverndarmála.....	24
Viðauki IV Bréf sviðsstjóra velferðarsviðs með beiðni um úttekt.....	26

Inngangur

Starfsmaður skammtímaheimilis að Hraunbergi, sem er úrræði fyrir börn og unglinga á vegum Barnaverndar Reykjavíkur, var handtekinn 19. janúar 2018, grunaður um kynferðisbrot gagnvart börnum um margra ára skeið. Vísbendingar voru um að tilkynningar um brot mannsins hafi borist Barnavernd Reykjavíkur árin 2002 og 2008, án þess að brugðist væri við. Aðili gaf sig fram við framkvæmdastjóra Barnaverndar þegar fjölmiðlar fóru að fjalla um málið og kvaðst hafa hringt árið 2008 til Barnaverndar með nafnlausu ábendingu um þennan tiltekna starfsmann sem síðan var staðfest í viðtali við lögreglu. Meint brot áttu að hafa átt sér stað frá 2004-2010 en viðkomandi stuðningsfulltrúi hefur starfað hjá Reykjavíkurborg í tæp 20 ár.

Starfsmaðurinn var kærður í ágúst 2017 en að sögn lögreglu var málinu raðað aftar í forgangsröð þar sem um var að ræða gamalt brot og borið við manneklu. Engin tilkynning barst Barnavernd vegna kærunnar eins og lög gera ráð fyrir en að sögn réttargæslumanns brotþola kom fram í kærðu að viðkomandi ynni enn með börnum. Þá var starfsmaðurinn einnig kærður árið 2013 vegna meintra brota árin 2000-2006 gegn pilti sem tengdist honum fjölskylduböndum. Kærandi fullyrðir að hann hafi sagt að viðkomandi ynni með börnum en slíkt var ekki skráð og engin tilkynning barst Barnavernd.

Þann 12. febrúar 2018 var gefin út skýrsla lögreglu sem fól í sér athugun á ferli og rannsókn máls nr. 007-2017-049755 með það að markmiði að kanna hvers vegna ekki var gripið til réttra aðgerða þegar málið barst lögreglu. Í skýrslunni kom fram að fyrsta kæra á hendur starfsmanni Reykjavíkurborgar hafi legið fyrir hjá lögreglu 2013 og að skýrt komi fram að kærði starfaði með börnum á vegum Reykjavíkurborgar á þeim tíma sem brotin voru talin framin á árunum 2000-2006, en engar skráningar eru um að Barnavernd hafi verið tilkynnt um málið. Önnur kæra barst hinn 24. ágúst 2017¹ vegna sama starfsmanns og sagði í henni að kærði hafi gegnt starfi stuðningsfulltrúa þegar brotin áttu sér stað og að hann hafi starfað fyrir barnaverndaryfirvöld. Tilkynning til Barnaverndar var hins vegar ekki send fyrir en 17. janúar 2018 og var það mat höfunda skýrslunnar að „aðkoma stjórnenda deildarinnar við rannsóknina hafi verið ómarkviss, verkaskipting og ábyrgð stjórnenda óljós og eðlilegt aðhald þeirra við framvindu rannsóknarinnar ekki viðunandi.“

Sviðsstjóri velferðarsviðs fór þess á leit við Innri endurskoðun að gera úttekt á verkferlum og reglum er varða tilkynningar og ábendingar sem berast til Barnaverndar. Þá var óskað eftir sérstöku áhættumati á allri starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur, með aðkomu Innri endurskoðunar, sem yrði framkvæmd í kjölfar þessarar úttektar.

Í tengslum við úttektina fór Innri endurskoðun yfir verkferla, lög og reglur við tilkynningar og ábendingar sem berast til Barnaverndar. Sérstaklega var

¹ Úr niðurstöðum lögregluskýrslu: Í fyrsta lagi er um að kenna mistökum við upphafsgreiningu málsins sem veldur því að barnaverndaryfirvöldum var ekki tilkynnt um málið strax. Þegar leið á rannsókn málsins komu fram atriði sem hefðu átt að verða til þess að grunsemdir vöknudú um núverandi starfsvettvang kærða. Það leiddi ekki heldur til viðeigandi viðbragða af hálfu lögreglu.

skoðaður verkferill sem tengist 35. grein barnaverndarlaga er fjallar um ábendingar um stórlega ábótavant atferli manna sem starfa sinna vegna hafa samskipti við börn. Reynt var að komast að því hvort tilkynning um meintan brotamaðmann hafi borist Barnavernd árið 2008 og afdrif hennar. Jafnframt var athugað með tilkynningu frá árinu 2002, en engar vísbendingar hafa komið fram um hana. Skoðuð var upplýsingagjöf í tengslum við 36. grein barnaverndarlaga um upplýsingar sem berast frá Ríkissaksóknara til Barnaverndarstofu og hvernig tilkynningaferli til barnaverndarumdæma er háttað, flytji brotamaður í umdæmi hennar. Farið var yfir ráðningarferli starfsmanna á sólarhringsstofnunum hjá Barnavernd og starfsmanna velferðarsviðs. Leitað var upplýsinga hjá starfsfólki velferðarsviðs, forstöðumanni og deildarstjóra skammtímaheimilis á Hraunbergi, fyrrverandi forstöðumanni stuðningsheimila, Barnaverndarstofu og starfsfólki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu niðurstöður:

- *Tilkynningar og ábendingar* – Verkferlar hjá Barnavernd og velferðarsviði um tilkynningar og ábendingar vegna barnaverndarmála eru í samræmi við lög og til þess fallnir að stuðla að faglegri afgreiðslu þeirra.
- *Ráðningarferli* – óheimilt er að ráða til starfa einstakling sem hlotið hefur refsídóm fyrir kynferðisbrot skv. barnaverndarlögum. Við upphaf ráðningar í sólarhringsúrræði Barnaverndar er aflað heimildar til að fá upplýsingar úr sakaskrá. Verklag um upplýsingaöflun úr sakaskrá var sannreynt vegna ráðningu starfsmanna í Hraunbergi árið 2010. Innri endurskoðun veur athygli á því að umræddar kærur í máli gegn geranda hefðu ekki komið fram í sakaskrá heldur væntanlega aðeins í dagbók lögreglu. Þegar svona mál koma fram í dagbók lögreglu ber að senda dagbókina til Barnaverndar.
- *Rannsókn á tilkynningu* til Barnaverndar leiddi í ljós að ekki var skráning til staðar á tilkynningu til Barnaverndar í málaskrá nefndarinnar. Ekki er því ljóst hvers vegna ekki var brugðist við tilkynningu um kynferðisbrotamann í starfi með ungmennum hjá Reykjavíkurborg. Nöfn brotþola eða geranda komu ekki upp við skoðun á vikulegum fundargerðum úthlutunarfunda árin 2008 og 2009. Tilkynnandi verður að segja til nafns en getur óskað nafnleyndar. Að sögn tilkynnanda var aðeins greint frá nafni geranda í símtali til Barnaverndar.
- *Niðurstaða um tilkynningu til Barnaverndar:* Það er mat Innri endurskoðunar að framburður tilkynnanda sé trúverðugur og engin ástæða til að véfengja hann. Samkvæmt verklagi og lögum verður að skrá niður nafn tilkynnanda og nöfn barna ef þau eru kunn. Í þessu tilfelli var aðeins greint frá nafni geranda eins og áður segir og börnin orðin fullorðin. Mistök hafa átt sér stað hjá viðtakendum símtala um að bregðast ekki við upplýsingum um að sakborningur sé í vinnu hjá Reykjavíkurborg og starfi með ungmennum og hafa ekki skráð niður nafn hans og tilkynnt til stjórnenda.
- *Barnaverndarstofa og miðlun upplýsinga:* Samkvæmt lögum ber Ríkissaksóknara að upplýsa Barnaverndarstofu um menn sem hlotið hafa refsídóm fyrir kynferðisbrot. Þessi upplýsingamiðlun er virk og regluleg. Hins vegar er óvirk heimild Barnaverndarstofu til

að tilkynna barnaverndarnefndum ef dæmdur kynferðisbrotamaður býr í umdæmi þeirra eða flyst þangað. Ástæðan er sú að heimildir skortir til að upplýsa Barnaverndarstofu um búsetu eða flutning dæmdra kynferðisbrotamanna og enn fremur upplýsingar um upphaf eða lok afplánunar en Barnaverndarstofa hefur talið nauðsynlegt að koma á fót virku eftirliti með dæmdum kynferðisafbrotamönnum þar sem áhættumat bendir til þess að viðkomandi sé líklegur til að brjóta af sér aftur. Slíkt áhættumat er ekki fyrir hendi.

Ráðningarferli starfsfólks á velferðarsviði

Ráðningarferli starfsmanna velferðarsviðs er tekið saman í sérstakri handbók um ráðningar sem gefin var út árið 2013 og uppfærð í september 2017. Um er að ræða samantekt upplýsinga, leiðbeininga og verklags um ráðningar sem hafa verið í gildi á velferðarsviði. Auk þess eru ýmsar leiðbeiningar á innri vef Reykjavíkurborgar, m.a. um öflun sakavottorða vegna ráðninga til starfa við grunnskóla, leikskóla, á vegum barnaverndar og í vinnu með fötluðu fólki. Í ljósi þess að ráðning starfsmanns er stjórnvaldsákvörðun og um einn og sama vinnuveitanda og stjórnvald er að ræða mætti draga þessar leiðbeiningar saman í sameiginlega handbók Reykjavíkurborgar um ráðningarferli.

Ekki er fyrir hendi sameiginleg handbók Reykjavíkurborgar um ráðningarferli.

Í handbók velferðarsviðs er að finna leiðbeiningar um ráðningarferli, allt frá undirbúningi til ráðningar, aðferðir við val á starfsmönnum og móttöku starfsmanna. Einnig er fjallað um þjálfunaráætlun fyrir nýtt starfsfólk.

Umsjón með ráðningarferlinu er á höndum næsta yfirmanns nýs starfsmanns, sem nýtur aðstoðar frá samstarfsmönnum, yfirmanni og mannauðsþjónustu velferðarsviðs.

Ráðningarferli starfsmanna í sólarhringsvistun og stuðningsþjónustu á vegum velferðarsviðs og Barnaverndar er með sama fyrirkomulagi og fyrir alla starfsmenn velferðarsviðs að undanskildu mikilvægu atriði sem varðar upplýsingaöflun úr sakaskrá.

Upplýsingaöflun úr sakaskrá

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er óheimilt að ráða til starfa einstakling sem hlotið hefur refsídóm fyrir kynferðisbrot eða önnur refsibrot sem skipta máli varðandi ráðningu í það starf sem um ræðir. Áður en starfsmaður hefur störf þarf því að afla upplýsinga úr sakaskrá. Sams konar ákvæði er einnig að finna í 36. gr. barnaverndarlaga þar sem sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá skal ávallt liggja fyrir við ráðningu til starfa á heimilum eða stofnunum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum. Umsækjandi þarf að skrifa undir heimild til þess að hægt sé að fá upplýsingar úr sakaskrá.

Áður en starfsmaður hefur störf ber að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Framkvæmd

Hjá velferðarsviði sjá forstöðumenn í búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk sjálfir um að senda heimild til ríkissaksóknara með beiðni um upplýsingar úr sakaskrá. Forstöðumenn taka við staðfestingu frá skrifstofu ríkissaksóknara um hreint sakavottorð eða upplýsingar um niðurstöðu í sakamálum sem vísað er til í heimildum. Í stuðningsþjónustu sjá verkefnastjórar um þessa framkvæmd. Ekki hefur verið krafist vottorða úr sakaskrá við ráðningu sérfræðinga sem starfa á þjónustumiðstöðvum eða skrifstofu velferðarsviðs. Hjá Barnavernd senda forstöðumenn ýmist heimildir til skrifstofu Barnaverndar sem sér um öll

samskipti við ríkissaksóknara varðandi upplýsingar úr sakaskrá, eða sjá alfarið um framkvæmd sjálfir. Skrifstofa Barnaverndar lætur forstöðumenn vita um niðurstöðu könnunar. Í samtali við framkvæmdastjóra Barnaverndar kom fram að allt utanumhald og ábyrgð á ráðningu er í höndum forstöðumanns.

Árin 2012-13 var ákveðið að sækja um heimildir til allra starfsmanna Barnaverndar í vistunarúrræðum til þess að sækja upplýsingar í sakaskrá, því grunur lék á að þessi könnun hafi ekki verið gerð fyrir elstu starfsmennina. Eftir gildistöku væntanlegrar nýrrar löggjafar um persónuvernd mun slíkt samþykki starfsmanns ekki vera gild heimild til vinnslu persónuupplýsinga skv. þeim lögum. Lagaheimild þarf þá að vera skýr til að heimila vinnsluna. Lagaheimildin nær nú aðeins til upplýsingaöflunar sem hluta ráðningaferlis, en ekki er heimild til að afla reglulegra upplýsinga eftir að ráðning hefur farið fram. Að mati Innri endurskoðunar er tilefni til að vekja athygli löggjafans á nauðsyn þess að yfirfara og bæta löggjöfina m.t.t. þessa.

Þar sem krafist er skv. lögum að afla upplýsinga úr sakaskrá er það gert við upphaf ráðningar. Innri endurskoðun athugaði hvernig varðveislu gagna úr sakaskrá er háttað og hvort hægt væri að rekja hvort upplýsingar um tiltekna starfsmenn lægju fyrir. Í ljós kom að þegar skammtímaheimilið Hraunbergi var opnað í júní 2010 var sótt um upplýsingar úr sakaskrá fyrir alla starfsmenn. Þann 21. febrúar sl. kom fram yfirlýsing frá velferðarsviði þar sem í athugun væri hvort afla ætti vottorða úr sakaskrá við ráðningar í öll störf á sviðinu. Einnig kom fram að velferðarsvið myndi taka upp það vinnulag að afla reglubundinna upplýsinga úr sakaskrá um starfsmenn sem starfa með fötluðum einstaklingum, börnum og í umhverfi barna, en ekki bara við ráðningar eins og hefðin hefur verið. Vísað er til umfjöllunar hér að framan vegna þessa.

Innri endurskoðun styður áform um að afla vottorða úr sakaskrá við ráðningar í öll störf á velferðarsviði. Oft eru starfsmenn að flytja sig á milli starfsstaða sem eykur hættu á að lagaákvæði um sakavottorð sé ekki framfylgt. Skráning og vinnsla þessara upplýsinga s.s. vistun í skrá þarf að samræmast ákvæðum laga um persónuvernd á hverjum tíma og taka mið af þeim breytingum sem eru væntanlegar á þeirri löggjöf.

Ábending: Innri endurskoðun leggur til að skrifstofa Barnaverndar hafi umsjón með að afla upplýsinga úr sakaskrá vegna starfsmanna sinna og visti á miðlægum stað (kjaradeild) ásamt öðrum ráðningargögnum um starfsmenn.

Ábending: Innri endurskoðun ítrekar niðurstöður forskoðunar úttektar á ráðningarferli frá 7. júlí 2017 m.a. að skerpa þurfi á hlutverki mannauðsdeildar Reykjavíkurborgar og þeim verkefnum sem hún veitir forstöðu og skýra með hvaða hætti best yrði staðið að stuðningi og þjónustu við stjórnendur.

Sannreynt er að fylgt var skráðu verklagi við ráðningu starfsmanna Hraunbergs um að afla upplýsinga úr sakaskrá

Tillögur starfshóps í júní 2015 um verklag vegna ráðninga starfsfólks til umönnunarstarfa og til starfa með börnum og unglingum

Í janúar 2013 skipaði þáverandi borgarstjóri starfshóp sem hafði það hlutverk að yfirfara verklag vegna ráðninga starfsfólks til umönnunarstarfa og til starfa með börnum og unglingum hjá Reykjavíkurborg. Í júní 2015 skilaði starfshópurinn skýrslu með ítarlegum tillögum sem miðuðu að því að skerpa á verklagi og samræmingu við ráðningar.

Tillögur starfshópsins í stuttu máli:

- Vinnulag við ráðningar í öll störf og skráningu hæfniskrafna sem sé hluti af ráðningakerfi og komi fram í ráðningasamningi hvaða gögn beri að skila og undirrita.
- Öflun upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu í tiltekin störf og að viðkomandi hafi ekki framið brot á ákveðnum ákvæðum almennra hegningarlaga og laga um ávana- og fíkniefni. Einnig yrði óskað eftir upplýsingum úr sakaskrá við umönnun aldraða.
- Leiðbeiningar vegna öflunar upplýsinga úr sakaskrá þar sem útbúin höfðu verið sex mismunandi eyðublöð þar sem umsækjendur veita heimild til að leita upplýsinga úr sakaskrá, mismunandi eftir því hvort sótt er um starf á vegum Barnaverndar, við umönnun aldraðra, starf með fötluðum, starf í grunnskólum, starf í leikskólum og æskulýðsstörf.
- Verklag/ferill vegna tilkynninga um ofbeldi af hendi starfsfólks Reykjavíkurborgar, eða gruns þar um, gegn börnum, fötluðu fólki, öldruðum eða öðrum einstaklingum.
- Stofnað yrði fagteymi sem tæki á móti tilkynningum um meint ofbeldi starfsfólks, sem tryggði faglega og samræmda afgreiðslu mála.
- Settur yrði hnappur á heimasíðu Reykjavíkurborgar þar sem hægt væri að tilkynna um meint ofbeldisbrot undir nafni í samræmi við persónuverndarlög.
- Verklag við afgreiðslu mála er varðar ofbeldi starfsfólks Reykjavíkurborgar eða gruns þar um.

Afdrif skýrslu og framkvæmd tillagna

Skýrslan og tillögurnar voru lagðar fyrir borgarráð hinn 10. september 2015 ásamt bréfi staðgengils borgarstjóra þar sem lagt er til að borgarráð samþykki tillögur starfshópsins. Nokkrar umræður og spurningar komu fram hjá borgarfulltrúum er vörðuðu hæfniskröfur umsækjenda og að skoða þyrfti hvort þær gengju of langt þegar um fíkniefnabrot væri að ræða. Hluta tillagna var síðan vísað til starfshóps um gerð verklagsreglna og meðferð persónuupplýsinga.

Tillögur starfshóps um að bæta verklag við ráðningar hafa legið óafgreiddar frá árinu 2015.

Í nóvember 2015 áréttaði starfshópurinn og formaður hans erindið í bréfi til borgarráðs, eftir að hafa farið yfir helstu álitaefni og taldi eftir ítarlegar umræður að ekki væri ástæða til að falla frá eða breyta þeim hæfniskröfum sem gerðar voru tillögur um í skýrslunni. Starfshópurinn taldi jafnframt ástæðu til að áréttað framlagðar tillögur gangi í sumum tilfellum lengra en lagaákvæði kveða á um en telja það um leið málefnalegt og í samræmi við eðli máls að teknu tilliti til þeirra hagsmuna sem verið er að vernda. Velferðarsvið samþykkti í nóvember 2017 verkferil vegna meints brots starfsfólks í garð fatlaðs fólks í þjónustu hjá Reykjavíkurborg, þar sem teymi á vegum sviðsins tekur við tilkynningu og sér um könnun máls eins og tillögur starfshópsins gerðu ráð fyrir. Um er að ræða verklag í tengslum við meint brot starfsmanns gagnvart íbúa í sértæku húsnæðisúrræði, skammtímavistun eða vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu. Að mati Innri endurskoðunar er rétt að skoða hvort þessi ferill geti átt við öll meint brot starfsmanna Reykjavíkurborgar gagnvart þjónustunotendum.

Tillögur starfshóps borgarstjóra hafa ekki verið teknar til afgreiðslu á ný hjá borgarráði en sá hluti tillagnanna er lýtur að vistun viðkvæmra gagna er nú kominn í vinnslu hjá starfshópi borgarstjóra um öryggi persónuupplýsinga í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Ábending: Innri endurskoðun telur rétt að skoða hvort verkferill vegna meints brots starfsfólks í garð fatlaðs fólks í þjónustu hjá Reykjavíkurborg geti einnig náð yfir meint brot gegn börnum, öldruðum og öðrum þjónustunotendum og að fagteymi sem stofnað hefur verið til að taka á móti tilkynningum og ábendingum sjá um faglega og samræmda afgreiðslu þeirra mála.

Rannsókn á tilkynningu til Barnaverndar

Í fréttaflokkningi um málið kemur fram að systir brotþola hafi tilkynnt um starfsmann Hraunbergs til lögreglu, Félagsmálastofnunar Reykjavíkur og Barnaverndar á árinu 2008. Í úttekt Innri endurskoðunar var reynt að komast að því hvort tilkynning hefði borist Barnavernd Reykjavíkur og um afdrif hennar.

Umhverfi – ytri aðstæður

Þann 1. júní 2008 flutti Barnavernd í Borgartún 14 og jafnframt tók símvæðing þjónustuvæðing við símsvörun fyrir Barnavernd. Fram fór þjálfun og handleiðsla af hálfu sérfræðinga Barnaverndar til starfsmanna í símvæðing, en barnaverndartilkynningar geta verið vandmeðfarnar og krefjast ætíð nærgætni og þekkingar. Í samtali við framkvæmdastjóra Barnaverndar minnst hún þess að eitthvað hafi verið um hnökra vegna þessara breytinga til að byrja með, en 1. janúar 2009 var ákveðið að setja á símvæðing á skrifstofu Barnaverndar, þar sem sérfræðingur/félagsráðgjafi væri ávallt til staðar til að taka á móti barnaverndartilkynningum og þá gætu tilkynnendur strax fengið leiðbeiningar um framhald máls.

Umræða í þjóðfélaginu um kynferðisbrotamál gagnvart börnum og ungmönnum var mjög fyrirferðarmikil á þessum tíma í kjölfar útkomu „Breiðavíkurskýrslunnar“ í lok febrúar 2008. Málið olli miklum hryllingi og kallaði fram sterk viðbrögð í þjóðfélaginu vegna þeirrar ómannúðlegu meðferðar sem vistmenn voru látnir sæta. Í byrjun mars 2008 fjallaði borgarráð um skýrsluna og gaf út samþykkt í fjórum liðum, m.a. um að haft yrði samráð við Breiðavíkursamtökin um viðbrögð og að samantekt yrði gerð um viðbrögð stjórnvalda og sveitarfélaga í sambærilegum málum á Norðurlöndunum og „að lagt verði mat á það hvort Reykjavíkurborg telji tilefni til að kanna frekar starfsemi á öðrum heimilum og úrræðum barnaverndaryfirvalda, fyrr og nú.“

Í september 2008, í kjölfar fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa um stöðu máls og afdrif samþykktar, var lagt fram bréf og minnisblað frá þáverandi sviðsstjóra velferðarsviðs og framkvæmdastjóra Barnaverndar þar sem fram kom að starfshópur á vegum velferðarsviðs hafi í maí 2007 skilað skýrslu um sólarhringsúrræði fyrir börn sem nýtt eru á vegum Reykjavíkurborgar og var það mat hópsins að á margan hátt væri vel staðið að vistun reykvískra barna á vegum Reykjavíkurborgar. Hópurinn lagði áherslu á að starfsmönnum sé gert kleift að skapa börnum markvissa og árangursríka vistun og að formlegt eftirlit á ábyrgð velferðarsviðs verði sýnilegt og virkt.

Í mars 2009 bað þáverandi forsætisráðherra fyrrum vistmenn á Breiðavíkurheimilinu og fjölskyldur þeirra afsökunar fyrir hönd íslenskra stjórnvalda og íslensku þjóðarinnar og sagði jafnframt að hugmyndir hefðu verið settar fram um bótagreiðslur til fyrrum vistmanna.

Hnókrar fylgdu flutningum Barnaverndar á árinu 2008.

Árið 2009 var ákveðið að setja á símvæðing sérfræðinga hjá Barnavernd til að taka á móti tilkynningum og leiðbeina um framhald máls.

Starfshópur velferðarsviðs telur árið 2007 að vel sé staðið að vistun reykvískra barna og leggur áherslu á að eftirlit velferðarsviðs verði virkt og sýnilegt.

Barnaverndarlög um úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum

Í 35. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002 er fjallað sérstaklega um tilkynningu er varðar starfsmann sem starfa sinna vegna hefur samband við börn og hefur sýnt af sér atferli sem er stórlega ábótavant.

■ 35. gr. Úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum.

□ Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant skal nefndin ef hún telur tilefni til hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 21. gr. Ákvörðun um könnun skal tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans ef við á. Nefndin skal tilkynna um niðurstöður könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.

Innri endurskoðun skoðaði fjölda ábendinga vegna 35. greinar sem bárust til Barnaverndar árin 2008-2017. Um er að ræða ábendingar sem varða hvers kyns atferli, ruddalega, óviðurkæmilega eða óviðeigandi hegðun, ofbeldisfulla eða ógnandi framkomu eða einelti gagnvart barni. Á tíu ára tímabili komu alls 74 ábendingar á grundvelli 35. greinar, fyrstu fimm árin að meðaltali fjórar ábendingar á ári en seinni fimm árin hafði þeim fjölgað í ellefu ábendingar að meðaltali á ári. Ákvörðun var tekin um að hefja könnun á 60 af þessum málum á tímabilinu og var óskað lögreglurannsóknar í fjórum málum sem upp komu 2013-2014, þar af eitt mál vegna gruns um blygðunarbrot en hin þrjú málin snéru að meintu ofbeldi gagnvart börnum. Árið 2008 var ein tilkynning á grundvelli 35. grein bvl en um var að ræða grun um harðræði gagnvart barni og árið 2009 voru þessar tilkynningar tvær um meint harðræði af hálfu starfsmanna skóla.

Í viðræðum við framkvæmdastjóra Barnaverndar kom fram að verklag vegna 35. greinar hafi verið samið af Barnaverndarstofu² árið 2015 þegar tilkynningum vegna 35. greinar fór fjölgandi. Fram að því voru tilkynningar á grundvelli 35. greinar fátíðar. Starfsmaður sem bar ábyrgð á móttöku tilkynninga á þeim tíma, sem talið er að nafnlausu símtalið hafi borist og er nú hætt störfum vegna aldurs, er þess fullviss að hún myndi hafa rætt við framkvæmdastjórnann ef hún hefði fengið einhverja vísbendingu eða upplýsingar um að starfsmaður á þeirra vegum væri hugsanlegur kynferðisbrotamaður.

Fundargerðir úthlutunarfunda

Úthlutunarfundir eru haldnir vikulega hjá Barnavernd. Nýjar tilkynningar eru prentaðar út og teknar fyrir, skráðar í málaskrá og fundargerð og jafnframt skráð afdrif tilkynningar, hvort henni er úthlutað eða hún sett á bið. Ekki fara allar tilkynningar inn á úthlutunarfund. Þær eru flokkaðar niður í ferli; lögregluskýrslur 1 eru t.d. tilkynningar sem varða minni háttar afbrot barna og eru afgreiddar með bréfi til forráðamanns þar sem leiðbeint er um hvert hægt er að leita. Tilkynning sem varðar mál sem þegar er í gangi er skráð inn í málaskrá

Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli starfsmanns sé stórlega ábótavant skal nefndin hefja könnun máls.

Árin 2008 – 2017 bárust 74 ábendingar á grundvelli 35. gr. bvl.

Í fjórum málum var óskað lögreglurannsóknar.

Vikulega eru haldnir formlegir fundir til að fara yfir og afgreiða nýjar tilkynningar.

² Árið 2015 var gefið út sérstakt verklag við könnun máls á grundvelli 35. greinar af hálfu Barnaverndarstofu. Í verklagi kemur fram hvernig móttöku og meðferð tilkynninga skuli háttað. Farið er yfir skilyrði fyrir því hvenær tilefni er til að hefja könnun. Þá kemur fram að ef ábendingar koma fram um alvarleg refsiverð brot gagnvart börnum er rétt að óska tafarlaust rannsóknar lögreglu.

og send útprentuð til málstjóra. Á árinu 2008 bárust alls 3.814 tilkynningar vegna 1.858 barna og árið 2009 bárust 4.332 tilkynningar vegna 1.996 barna.

Innri endurskoðun skoðaði allar fundargerðir úthlutunarfunda árin 2008 og 2009, alls 99 fundargerðir. Árið 2008 komu 822 nýjar tilkynningar, þar af voru 88 eða 11% þar sem óskað var nafnleyndar. Árið 2009 komu 927 nýjar tilkynningar, þar af 101 eða 11% þar sem óskað var nafnleyndar. Árið 2008 var ein tilkynning skv. 35. grein bvl en um var að ræða grun um harðræði gagnvart barni og árið 2009 voru þessar tilkynningar tvær. Allar tilkynningar eru skráðar í fundargerð með nafni barns og fæðingarárs. Í svari við spurningu um hvernig skráningu tilkynninga er háttað í þeim tilvikum þar sem nöfn barna koma ekki fram eða ef tilkynnandi vill ekki gefa upp nafn, sagði framkvæmdastjóri Barnaverndar að ef tilkynnt væri um nafn starfsmanns skv. 35. gr. og um nöfn barna sé ekki vitað, væri málið skráð inn í málaskrá undir nafni starfsmannsins. Búið var að kanna hvort nöfn brotþola eða sakbornings væru í málaskrá, en þau hafa ekki komið upp.

Í athugun Innri endurskoðunar á fundargerðum úthlutunarfunda árin 2008-9 komu engar vísbendingar fram um nöfn brotþola C og D, sakbornings A eða málsatvik.

Tilkynningar þar sem óskað var nafnleyndar voru 88 árið 2008 og 101 árið 2009.

Í málaskrá Barnaverndar er hvorki að finna nöfn brotþola né sakbornings.

Nafnlausar tilkynningar

Í handbók Barnaverndarstofu, kafla 7.3.9, er fjallað um nafnlausar tilkynningar. Tilkynnandi verður að segja til nafns en einstaklingar geta óskað nafnleyndar. Nafnleynd tilkynnanda gildir ekki um stofnanir, skóla, heilbrigðisstofnanir eða hverja þá sem hafa afskipti af málefnum barna í störfum sínum. Þá fjallar 18. grein bvl. sérstaklega um tilkynningarskyldu lögreglu ef þess verður vart að barn búi við óviðunandi aðstæður.

7.3.9 Nafnlausar tilkynningar

Skv. 19. gr. bvl. skal hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar segja á sér deili. Ástæðan er sú að sá sem tekur við tilkynningunni þarf að geta haft samband við tilkynnandann aftur til að fá nánari upplýsingar og einnig þarf að vera hægt að fá upplýsingar um hvernig viðkomandi hefur fengið þær upplýsingar sem verið er að tilkynna um og þannig styrkt trúverðugleika tilkynningarinnar. Öðru hvoru kemur þó fyrir að tilkynningar berast frá nafnlausum aðilum ýmist í síma, bréfi, tölvupósti eða SMS. Í þessum tilvikum þarf að meta hvort um tilkynningu er að ræða eða ekki. Ef um er að ræða tilkynningu í máli sem er þekkt getur verið full ástæða til að bregðast við ef tilkynningin er þess eðlis. Í máli sem ekki er þekkt þarf að fara mjög varlega í að bregðast við nafnlausum tilkynningum.

Í grein 7.3.9 kemur fram að í máli sem ekki er þekkt þurfi að fara mjög varlega í að bregðast við nafnlausum tilkynningum.

Ekki er hægt að segja til um hvort viðtakandi símtals hafi hugsanlega talið að ekki væri hægt að bregðast við vegna þessa ákvæðis. B segist í samtali ekki hafa gefið upp eigið nafn né nafn brotþola, aðeins nafn meint sakbornings A.

Ekki hefur verið skilgreint verklag eða leiðbeiningar um hvernig taka beri á móti nafnlausum tilkynningum um meint ofbeldisbrot. Árið 2015 skoðaði fyrrnefndur starfshópur borgarstjóra hvort hægt væri að setja upp ábendingahnapp á vefsíðu Reykjavíkurborgar þar sem hægt væri að senda nafnlausu tilkynningu um meint ofbeldisbrot starfsmanna gegn börnum, fötluðu fólki, öldruðum eða öðrum þjónustunotendum. Þessi leið var ekki talin samrýmast lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga en hópurinn lagði engu að síður til að boðið væri upp á hnapp á heimasíðu þar sem hægt væri að senda inn tilkynningar undir nafni. Sem fyrr segir hafa tillögur starfshópsins legið óafgreiddar síðan þær komu fram árið 2015.

Ábendingahnappur fyrir nafnlausar tilkynningar er ekki talinn samrýmast ákvæðum persónuverndarlag.

Viðtal við systur brotþola (B) um tilkynningu um sakborning (A)

A var eins og einn af fjölskyldunni og var mikill heimagangur hjá þeim vegna fjölskyldutengsla. B fékk fyrst vitneskju um brotin gagnvart bræðrum sínum (C og D) í ágúst 2008, en þá varð andlát í fjölskyldunni. Í fjölskylduboði eftir jarðarförina sagði D eiginmanni B frá þessu.

Upp úr miðjum ágúst 2008, þegar B fær vitneskju um brotin, gekk hún á eftir C til að fá hann til að viðurkenna að þetta hafi gerst en hann var ekki tilbúinn þá. Um sumarið 2009 sagði C fjölskyldu sinni frá kynferðisbrotunum og reyndi það mikið á hann andlega. Það er óljóst í minni B hvort hún hafi hringt í Barnavernd um sumarið 2009 eftir frásögn C um að brotin hefðu átt sér stað eða 2008 eftir að hún frétti um brotin. Hún hafi ekki hringt fyrir þann tíma þar sem hún hafi ekki haft vitneskju um brotin.

B hringdi þrjú símtöl úr farsíma í bifreið. B byrjaði á að hringja í lögreglu en þeir vildu ekkert gera því engin kæra var komin og hún gat ekki lagt fram kæru. Hún hringdi því næst í Reykjavíkurborg þar sem A hafi verið að vinna þar þegar brotin áttu sér stað. Henni var gefið samband við félagsþjónustuna (velferðarsvið) þar sem henni var sagt að hún þyrfti að kæra, ekkert væri hægt að gera nema einhverjar sannanir eða kæra lægi fyrir. B var jafnframt sagt að hringja í Barnavernd sem hún og gerði. Þar fékk hún samband við konu og sagði; „ég veit um mann sem starfar með ungmennum og hefur misnotað tvo stráka, hann er tengdur mér og bræður mínir hafa lent í honum“. Konan hafi spurt hvað bræður hennar væru gamlir, en þeir voru þá 18 og 19 ára, og var þá sagt að þeir bræður væru orðnir fullorðnir og ekkert væri hægt að gera, nema kæra. B segist hvorki hafa gefið upp nafn bræðra sinna, því hún hafði enga heimild frá þeim fyrir því, né sitt nafn því þá hefði hún komið upp um nöfn bræðra sinna – en hún gaf upp nafn A. Eftir símtölin hafi B upplifað mikil vonbrigði og fundist eins og verið væri að sópa þessu máli í burtu.

Í nafnlausri tilkynningu frá B er gerandinn nafngreindur en brotþolar ekki.

Rannsókn tilkynningar til Barnaverndar (2008/2009)

Rannsókn á tilkynningu til Barnaverndar leiddi í ljós að ekki var skráning til staðar á tilkynningu til Barnaverndar í málaskrá nefndarinnar. Ekki er því ljóst hvers vegna ekki var brugðist við tilkynningu um kynferðisbrotamann í starfi með

ungmönnum hjá Reykjavíkurborg. Skráum um innkomin símtöl og hvert þeim er vísað er eytt eftir 3 mánuði og því ekki hægt að staðfesta hvenær símtölin áttu sér stað. Fram kemur hjá tilkynnanda að tímasetning símtals sé óljós og því voru skoðaðar fundargerðir vegna árána 2008 og 2009 þar sem nýjar tilkynningar um barnaverndarmál eru teknar fyrir á vikulegum fundum. Við þessa skoðun komu ekki upp nöfn A, C, eða D né nein þau tilvik eða atburðalýsing sem lýst er í símtalinu.

Innri endurskoðun telur að hugsanleg skýring á því að tilkynning hafi ekki borist til stjórnenda hafi verið að viðtakendur símtala hafi talið að þar sem tilkynnandi vildi ekki gefa upp nafn sitt eða brotþola væri ekki hægt að taka málið lengra. Ekki er hægt að fullyrða neitt um slíkt þar sem ekki er vitað hverjir viðtakendur símtala voru. Engir útfærðir verkferlar á grundvelli handbókar Barnaverndarstofu eru fyrir hendi um nafnlausar tilkynningar. Starfshópur borgarstjóra, sem skilaði tillögum árið 2015 um verklag vegna ráðninga starfsfólks til starfa með börnum og unglíngum, gerði ítarlega skoðun á því hvort hægt væri að taka á móti nafnlausum tilkynningum um meint ofbeldisbrot. Með vísan til úrskurða Persónuverndar um að slíkar leiðir stangist á við lög, setti hópurinn fram tillögu um að settur yrði hnappur á heimasíðu Reykjavíkurborgar þar sem aðilar gætu tilkynnt um meint ofbeldisbrot undir nafni og að viðkomandi yrði upplýstur um að hægt væri að tilkynna meint brot til lögreglu.

Áður hefur verið lýst umhverfi Barnaverndar og velferðarsviðs á árunum 2008 og 2009. Þann 1. júní 2008 flutti Barnavernd í Borgartún og þá fóru öll símtöl til Barnaverndar í gegnum símaver í þjónustuveri. Handleiðsla og þjálfun í að taka á móti símtölum vegna barnaverndarmála fór fram en einhverjir hnökrar voru á móttöku símtala til að byrja með. Þann 1. janúar 2009 var ákveðið að setja á vakt hjá Barnavernd þar sem sérfræðingur/félagsráðgjafi væri alltaf til staðar til að taka á móti barnaverndartilkynningum og gætu tilkynnendur þá fengið leiðbeiningar strax. Slík símavakt er enn til staðar á skrifstofu Barnaverndar.

Það er mat Innri endurskoðunar að framburður B sé trúverðugur og engin ástæða til að véfengja að símtölin hafi átt sér stað. Samkvæmt verklagi og lögum verður að skrá niður nafn tilkynnanda og nöfn barna ef þau eru kunn. Í þessu tilfelli var ekki um slíkt að ræða og börnin orðin fullorðin. Mistök hafa átt sér stað hjá viðtakendum símtala þennan dag sem fólust í því að bregðast ekki við lýsingum um að sakborningur væri í vinnu hjá Reykjavíkurborg og starfaði með ungmönnum, skrá niður nafn hans og tilkynna það viðkomandi stjórnendum.

Hugsanlegt er að viðtakendur tilkynninga hafi talið að ekki væri hægt að taka málið til formlegrar könnunar vegna nafnleysis tilkynnanda.

Mistök voru gerð þegar ekki var brugðist við upplýsingum um að sakborningur væri í vinnu hjá Reykjavíkurborg og starfaði með ungmönnum.

Ábending: Innri endurskoðun telur að hrinna þurfi í framkvæmd tillögu sem starfshópur borgarstjóra um *verklag vegna ráðninga starfsfólks til umönnunarstarfa og til starfa með börnum og unglíngum* setti fram í júní 2015 varðandi hnapp á heimasíðu Reykjavíkurborgar þar sem hægt verði að tilkynna um meint ofbeldisbrot undir nafni með vísan til persónuverndarlaga og einnig að viðkomandi verði upplýstur um að hægt sé að tilkynna meint brot til lögreglu.

Starfsemi stuðningsheimila velferðarsviðs

Reykjavíkurborg hefur um langt skeið rekið tilsjónarheimili sem síðar nefndust stuðningsheimili fyrir ungmenni á aldrinum 17-20 ára. Á fyrsta áratug aldarinnar voru heimilin þrjú en í dag er rekið eitt slíkt heimili fyrir bæði kyn. Hin hafa verið lögð niður vegna breytinga á þörf. Á stuðningsheimilunum býr umsjónarmaður sem heldur heimili ásamt tveimur til fjórum ungmennum sem búa þar sem leigutakar. Umsjónarmaður er auk þess í fullri vinnu annars staðar eða stundar nám. Markmiðið með búsetunni er að ungmennin öðlist sjálfstæði til þess að búa ein, nái tókum á fjármálum og taki ábyrgð á námi og vinnu, gæti að hreinlæti og fái grunnkunnáttu í eldamennsku. Ungmennin eiga það sameiginlegt að hafa ekki möguleika á að búa heima hjá forsjáraðilum sínum en eru ekki tilbúin til að búa ein af einhverjum ástæðum. Ungmennin mega ekki vera í neyslu fíkniefna eða áfengis og eiga að stunda vinnu eða nám. Gert er ráð fyrir að dvalartími sé ekki lengri en 2 ár. Skjólstæðingar stuðningsheimila voru jafnan sjálfráða, en ef þeir voru ekki sjálfráða var Barnavernd inni í málum og forsjáraðili þurfti að veita heimild fyrir vistun.

Ábyrgð á rekstri stuðningsheimila var í höndum forstöðumanns sem jafnframt var forstöðumaður á fjölskylduheimili sem er sérúrræði á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Hann ræður umsjónarmenn og gerir verksamning við þá og fer með eftirlit, ráðgjöf og leiðbeiningar um dagleg störf.

Sakborningur A – umsjónarmaður á stuðningsheimili frá 2000-2010

Frá árinu 2000 til ársins 2010, starfaði A sem umsjónarmaður á stuðningsheimili þar sem hann bjó og hélt heimili með tveimur ungmennum, ásamt því að stunda aðra vinnu. Fram hefur komið í fjölmiðlum og úrskurði Landsréttar að A hafi boðið brotaþolum C og D og öðrum inn á heimilið þar sem þeir gistu í herbergi hans. Rannsóknir hafa sýnt að heimili fyrir börn sem eiga erfitt félagslega og/eða andlega eru aðdráttarafli fyrir barnaníðinga, þar sem þeir leitast við að vinna með börnum í erfiðri stöðu og vinna traust þeirra. Því er um sérstakan áhættuþátt að ræða sem taka þarf á.

Í samtali við forstöðumann stuðningsheimila frá þessum tíma (2005-2011) kom fram að reglulega var fundað með A, einu sinni í mánuði. Almenn ánægja var með störf A; hann hafði góða þekkingu á tölum þar sem hann starfaði sem kerfisfræðingur og kenndi hann strákunum á tölvur og tölvuleiki. Forstöðumaðurinn fundaði með úthlutunarteymi þegar verið var að ræða um einstaklinga sem voru að koma nýir inn, en ungmennin höfðu sinn ráðgjafa á þjónustumiðstöð sem hitti þau einu sinni í mánuði. Í verksamningi við umsjónarmann var hvergi skráð að óheimilt væri að hafa næturgest hjá umsjónarmanni. Forstöðumaður sagði að sér hefði fundist það athugasvert ef slíkt tilvik hefði komið upp, en honum var aldrei kunnugt um neina næturgesti, né vissi hann að C og D hefðu verið tíðir gestir á stuðningsheimilinu. Ef umsjónarmaður þurfti að taka frí, útvegaði hann sjálfur staðgengil og bar undir forstöðumann. Að sögn forstöðumanns fór ekki fram athugun á sakaskrá vegna

afleysingarfólks á þessum tíma. Í dag gilda sömu reglur um afleysingarfolk og fólk í tímabundnum störfum, þ.e. farið er fram á heimild til upplýsinga úr sakaskrá.

Í umsjónarsamningi um eina stuðningsheimilið sem nú er starfandi er umsjónarmanni og skjólstæðingum óheimilt að hafa næturgesti.

Starfsemi Hraunbergs

Frá árinu 2005 til 2010 var Hraunberg rekið sem skammtímavistun fyrir unglunga á aldrinum 13-18 ára sem af einhverjum ástæðum gátu ekki dvalið í heimahúsum. Áður hafði Hraunbergið verið rekið sem eftirmeðferðarheimili fyrir unglunga sem lokið höfðu langtímameðferð og þurftu stuðning. Þar sem nýting var ekki sem skyldi var ákveðið að breyta markhópnum til samræmis við þarfir árið 2005. Fram til ársins 2010 var forstöðumaður fyrir skammtímaheimilið einnig forstöðumaður fjölskylduheimilis og stuðningsheimila. Tveir umsjónarmenn unnu til skiptis í viku á sólarhringsvöktum og sáu um allan daglegan rekstur skv. verksamningi. Aukastarfsmaður kom inn á álagstímum eftir þörfum. Á Hraunbergi var pláss fyrir 3 ungmenni á hverjum tíma. Tillögur starfshóps sem unnar voru árið 2008 gerðu ráð fyrir breytingu á starfseminni af brýnni þörf á sterkara vistunarúrræði með nægjanlegri mönnun en það hafði sætt gagnrýni að aðeins einn starfsmaður væri á vakt með þremur ungmönnum.

Þann 1. júní 2010 breyttist starfsemi Hraunbergs og fór reksturinn undir Barnavernd. Stöðugildi voru 8 með forstöðumanni og var heimilið sem fyrr ætlað unglungum á aldrinum 13-18 ára sem þurfa á tímabundinni vistun að halda. Vaktarfyrrirkomulag er með þeim hætti að ávallt eru tveir starfsmenn í einu á vakt en einn á nóttunni. Á heimilinu dvelja þrjú unglingar í senn, en að auki er eitt neyðarpláss sem er ráðstafað í samráði við inntökuteymi og forstöðumann heimilisins. Dvalartími unglings er sveigjanlegur eftir þörfum og eðli máls. Þó er gert ráð fyrir að unglingur dvelji ekki lengur en 8 vikur.

Viðtal við forstöðumann skammtímaheimilisins Hraunbergi

Forstöðumaður skammtímaheimilisins var ráðinn í maí árið 2010 og byrjaði hann á því að skipuleggja starfið og ráða starfsmenn. Hann er iðjuþjálfari að mennt og hafði starfað á áfangaheimili fyrir fatlaða áður. Fyrrum umsjónarmenn Hraunbergs, A sem vann þar tímabundið í afleysingum og annar aðili, sóttu bæði um störf á Hraunbergi og fengu góð meðmæli frá fyrrum forstöðumanni.

Forstöðumaður lýsti ráðningaferli þannig að þegar það er vel á veg komið er óskað heimildar til að fá upplýsingar úr sakaskrá. Skrifstofa Barnaverndar sér svo um framkvæmd og lætur vita hvort sakavottorð sé hreint. Staðfest er að sótt var um upplýsingar úr sakaskrá fyrir alla starfsmenn Hraunbergs við upphaf starfs árið 2010 og að þeir voru allir með hreina sakaskrá. Forstöðumaður sá um að skipuleggja starfsemina og semja verklagsreglur sem lúta að starfsemi Hraunbergs.

Umsýsla gagna vegna upplýsinga úr sakaskrá voru í höndum skrifstofu Barnaverndar

Á árunum 2010-2014 var A á næturvakt aðra hvora viku en á árinu 2015 breyttust vaktirnar og þá var hann á dagvakt og einstaka lengdri kvöldvakt sem náði til kl. 2 eða 3 á nóttunni. Þessar lengdu kvöldvaktir hafi verið settar á af þörf til að auka öryggi næturvaktar á álagstíma. Á árinu 2016 og 2017 minnkaði A við sig vinnu og var á kvöldvakt aðra hvora viku, samhliða námi. Forstöðumaðurinn sagði að A hefði verið vel liðinn af skjólstæðingum og hann hafi verið góður við krakkana og tók fram að skjólstæðingar Hraunbergs lægju sjaldan á skoðun sinni og væru ófeimin við að kvarta ef þeim finnst eitthvað að. Þau hafi kvartað undan ýmsum starfsmönnum vegna samskipta en aldrei hafi borist kvörtun vegna A. Um helgar væru stundum haldin kósíkvöld, keypt pizza, horft á mynd og stundum farið með krakka í bíó, keilu eða að kaupa ís. A hafi verið mjög viljugur að fara í slíkar ferðir og stundum hafi hann farið einn með einn ungling ef hinir vildu ekki fara með. Það hafi því komið fyrir að A væri einn með skjólstæðingum. Fram kom hjá forstöðumanni að engan starfsmann hafi grunað neitt.

Í fjölmiðlum var forstöðumaður spurður hvort þeir A hefðu verið vinir áður en hann var ráðinn til vinnu. Forstöðumaðurinn var sérstaklega spurður um þetta atriði og hvort hann hefði mátt vita um meint kynferðisbrot A gagnvart ungum piltum. Forstöðumaður neitaði því og sagðist hafa verið í FB í Breiðholti í 2 ár 1995-1997, þar sem A var einnig. Þeir hefðu ekki verið saman í neinum kennslutímum en hist við sama borðið í matsalnum ásamt fleirum og þar hafi myndast kunningskapur. Eftir að skólagöngu lauk 1997 hefði hann ekki vitað nein deili á honum fyrr en hann sá nafnið hans á lista yfir umsjónarmenn Hraunbergs þegar hann sjálfur sótti um vinnu þar 2010 og þá hafi hann hringt í A til að heilsa upp á hann.

Ábending: Innri endurskoðun telur brýnt að í fræðsludagskrá fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar sé boðið upp á fræðslu um persónueinkenni barnaníðinga, hegðun og atferli.

Barnaverndarstofa

Í fjölmiðlaumfjöllun hefur komið fram að forsvarsmenn Barnaverndarstofu og barnaverndaryfirvalda hafa talað um að endurskoða þyrfti barnaverndarlög með tilliti til ýmissa heimilda.


■ 36. gr. *Upplýsingar úr sakaskrá.*

□ [Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsíðóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.]³ Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hættu er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barnaverndarstofu.

□ [Við ráðningu til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða á heimilum eða stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, skal ávallt liggja fyrir sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Óheimilt er að ráða til starfa einstakling sem hlotið hefur refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og eðlis brotsins.]³

Innri endurskoðun sendi fyrirspurn til Barnaverndarstofu með vísan í 36. grein barnaverndarlaga um hvernig samskipti og upplýsingagjöf væri háttáð varðandi dóma um kynferðisbrot gagnvart börnum og hve margir dómur hafi verið tilkynntir á undanförunum árum. Jafnframt var óskað eftir álit Barnaverndarstofu á því hvaða lagaheimildir skortir varðandi upplýsingamiðlun og upplýsingaöflun um kynferðisbrotamenn.

Í svari Barnaverndarstofu frá 15. febrúar sl. sem birtist í viðauka II kemur fram að upplýsingagjöf frá Ríkissaksóknara er regluleg og formleg. Fjöldi dóma sem borist hafa Barnaverndarstofu á ári frá árinu 2007 – 2017 birtist í neðangreindu súluriti, (bláar súlur) en sá fyrirvari er gerður að fleiri dómur vegna ársins 2017 gætu átt eftir að berast. Til samanburðar er fjöldi tilkynntra kynferðisbrota til lögreglu á öllu landinu (rauðar súlur). Upplýsingar frá 2017 lágu ekki fyrir.



Ástæða fyrir miklum fjölda dóma árið 2013 (88 dómur og 209 brot) er sagt vera vegna átaks sem farið var í gegn vændisstarfsemi á höfuðborgarsvæðinu.³

3 Heimild: Minnisblað Barnaverndarstofu 15. febrúar 2018 og minnisblað Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu 8. febrúar 2018

Á tíu ára tímabili (2007-2016) voru dómar vegna kynferðisbrota sem sendir voru til Barnaverndarstofu alls 371 en á sama tímabili voru tilkynnt kynferðisbrot á landinu öllu alls 1.328.

Í 36. greininni kemur fram heimild Barnaverndarstofu um að hún geti tilkynnt barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hættu er talin stafa af í umdæmi hennar. Þessi heimild hefur aldrei verið virk, því í svari Barnaverndarstofu kemur fram að hvorki í barnaverndarlögum eða öðrum lögum er kveðið á um að heimilt sé eða skylt að upplýsa Barnaverndarstofu um hvar dæmdir kynferðisbrotamenn búa eða þegar þeir flytja og þá hvert, auk þess sem hvergi fer fram mat á því hvaða einstaklingum er talin stafa af veruleg hættu. Helstu lagabreytingar sem Barnaverndarstofa hefur talið nauðsynlegt að gera er að koma á fót virku eftirliti með dæmdum kynferðisafbrotamönnum þar sem áhættumat bendir til þess að viðkomandi sé líklegur til að brjóta af sér aftur.

Heimild Barnaverndarstofu til að tilkynna um búsetu dæmdra kynferðisbrotamanna er óvirk

Ábending: Innri endurskoðun tekur undir skoðanir Barnaverndarstofu um að koma þurfi á fót virku eftirliti með dæmdum kynferðisbrotamönnum og upplýsingamiðlun, eins og kemur fram í minnisblaði í viðauka II.

Viðauki I Verklag og verkferlar hjá Barnavernd Reykjavíkur

Starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur er starfrækt skv. lögum um barnavernd nr. 80/2002. Fjölmargar verklagsreglur, handbækur og leiðbeiningar hafa verið gefnar út um allfesta starfsþætti, atvik og aðstæður sem geta komið upp í starfseminni. Á árinu 2017 hófst vinna við að samræma og yfirfara verklagsreglur og koma þeim undir Gæðahandbók velferðarsviðs.

Hér eru taldar upp verklagsreglur, verkferlar og leiðbeiningar sem komu til skoðunar vegna úttektar Innri endurskoðunar, auk skýrslna starfshópa.

- **Úr Handbók Barnaverndar Reykjavíkur 1. janúar 2007 – uppfærð í ágúst 2013**

Verklag við móttöku tilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur

Verklag við könnun barnaverndartilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur

Verklag við könnun máls vegna gruns um kynferðisofbeldi gegn barni

- **Úr reglum um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsmönnum Barnaverndar Reykjavíkur, 11. desember 2012**

III Kafli Málsmeðferð hjá starfsmönnum Barnaverndar Reykjavíkur

10. grein Skráning

11. grein Tilkynningar

14. grein Úthlutunarfundir

16. grein Könnun máls

17. grein Lögreglurannsókn

- **Verklagsreglur um samráð og ábyrgðarskiptingu milli Barnaverndar Reykjavíkur og þjónustumiðstöðva, 1. september 2011 – yfirfarið 20. mars 2012**

- **Úr Handbók Barnaverndarstofu útgefin í mars 2006 – endurskoðun 2015**

7. kafli Tilkynningar

7.1 Tilkynningarskylda

7.3 Hvað er tilkynning

7.3.1 Tilkynningar frá einstaklingum og þeim sem afskipti hafa af börnum

7.3.2 Tilkynningar frá lögreglu

7.3.9 Nafnlausar tilkynningar

- **Reglur um samráð og ábyrgðarskiptingu milli Barnaverndar Reykjavíkur og þjónustumiðstöðva, apríl 2009**

- Verklagsreglur um samráð og ábyrgðarskiptingu milli Barnaverndar Reykjavíkur og þjónustumiðstöðva, apríl 2009 – yfirfarið mars 2012
- Verklag við könnun máls á grundvelli 35. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002
- Innra verklag um tilvísanir í úrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem úthlutunarteymið hefur umsjón með.
- Stjórnendahandbók um ráðningar á velferðarsviði útg. 2013, uppfærð í september 2017
- Ferill vegna meints brots starfsfólks í garð fatlaðs fólks í þjónustu hjá Reykjavíkurborg
- Skýrsla starfshóps um skráningu verkferla sem lúta að vistunum barna utan heimilis og varða eftirlit með aðbúnaði og líðan barna meðan á vistun stendur og eftir að vistun lýkur, 2008
- Skýrsla og tillögur starfshóps um verklag vegna ráðninga starfsfólks til umönnunarstarfa og til starfa með börnum og unglíngum, júní 2015.

Minnisblað

vegna fyrirspurnar Reykjavíkurborgar varðandi upplýsingar úr sakaskrá o.fl.

Barnaverndarstofa hefur tekið saman svör vegna neðangreindra spurninga frá Reykjavíkurborg. Svör stofunnar við einstaka spurningum eru feitletruð undir hverri spurningu fyrir sig.

1. 36. grein barnaverndarlaga kveður á um rétt bvs til upplýsinga úr sakaskrá um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn XXII kafla hegningarlaganna.

a) Hvernig er þessari upplýsingagjöf frá Ríkissaksóknara til bvs háttað?

Upplýsingagjöf Ríkissaksóknara til Barnaverndarstofu er með þeim hætti að almennt sendir Ríkissaksóknari Barnaverndarstofu nokkrum sinnum á ári afrit af nýjustu dómum sem hafa fallið og sakfelld er fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, og brotapolí var undir 18 ára aldri þegar brot áttu sér stað.

b) Eru upplýsingar sendar með reglulegum og formlegum hætti til bvs?

Líkt og fram kemur í a) lið hér að framan sendir Ríkissaksóknari dóma nokkrum sinnum á ári. Íðulega fylgir þeim stutt bréfi um að meðfylgjandi séu nýjustu dómur sem fallið hafa og Barnaverndarstofa á rétt á að fá.

c) Ef óska þarf eftir upplýsingum af hálfu bvs, er það gert með reglulegum hætti?

Barnaverndarstofa fylgist með því að ekki líði of langur tími milli sendinga. Ef langt er síðan sending barst þá er haft samband við Ríkissaksóknara, ýmist með símtölum eða bréfum, og í framhaldi hafa nýjustu dómarnir borist.

d) Hve margar tilkynningar (árleg tölfræði) berast bvs um þess konar refsidóma.

Hér má finna tölfræðilegar upplýsingar yfir fjölda dóma sem borist hafa frá Ríkissaksóknara á grundvelli 36. gr. barnaverndarlaga. Rétt er að upplýsa um að síðast bærust dómur um síðustu mánaðamót og því er ekki óhugsandi að fleiri dómur vegna ársins 2017 eigi eftir að berast.

ár	fjöldi dóma:
2002	1
2003	3
2004	19
2005	8
2006	9
2007	11
2008	20
2009	36
2010	22

2011	23
2012	29
2013	88
2014	42
2015	40
2016	60
2017	42

2. Í 36. grein getur bvs tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hætta er talin stafa af í umdæmi hennar. Hve oft eru sendar slíkar tilkynningar? (árleg tölfraði 2008-2018).

Hvergi í barnaverndarlögum eða öðrum lögum er kveðið á um að heimilt sé eða skylt að upplýsa Barnaverndarstofu um að hvar dæmdir kynferðisbrotamenn búa eða þegar þeir flytja og þá hvert. Barnaverndarstofa hefur t.a.m. ekki heimildir til þess að fá upplýsingar um upphaf eða lok afplánunar auk þess sem hvergi fer fram mat á því hvaða einstaklingum er talin veruleg hætta stafa af. Af þessu leiðir að ekki hefur verið hægt að beita ákvæðinu með neinum hætti og því hefur umrædd tilkynningarskylda til barnaverndarnefnda aldrei verið virk. Hefur Barnaverndarstofa vakið athygli Alþingis og velferðarráðuneytisins á því, sbr. það sem fram kemur í svári 3 hér að neðan.

3. Í umfjöllun um ofangreint mál í fjölmiðlum hafa fjölmargir aðilar borið við að lagaheimildir skortir varðandi upplýsingamiðlun og upplýsingaöflun um kynferðisbrotamenn. Hvaða heimildir eru það að mati bvs sem helst skortir?

Barnaverndarstofa hefur talið að fara þyrfti yfir ákvæði sem varða miðlun upplýsinga milli stofnana, þ. á m. barnaverndaryfirvalda, heilbrigðisstarfsmanna og lögreglu og varða upplýsingagjöf eða tilkynningar um athæfi einstaklinga til barnaverndarnefnda. Í þessu sambandi er margt sem þarf að huga að, s.s. á hvaða tímupunkti hægt er að miðla upplýsingum (strax og kæra berst, þegar brotápoli hefur gefið skýrslu, þegar mál er sent ákærvaldi eða þegar ákæra er gefin út), hvort ávallt eigi að tilkynna um þegar lögreglu berst kæra þar sem brotápoli er á fullorðinsaldri en greinir frá brotum sem áttu sér stað á barnsaldri eða hvort takmarka eigi þá tilkynningarskyldu og þá með hvaða hætti. Hér þarf bæði að fara yfir lagarammann og hugsanlega gera breytingar á honum og ekki er síður mikilvægt að koma upp verklagi um framkvæmd og túlkun umræddra lagaákvæða. Hér er líka mikilvægt að huga að því að skv. stjórnarskrá og mannréttindasamningum eru einstaklingar saklausir þar til sekt hefur verið sönnuð fyrir dómi og þurfa ákvæði og verklag að taka mið af því svo stjórnarskrárbundin réttindi séu ekki brotin.

Helstu lagabreytingar sem Barnaverndarstofa hefur talið nauðsynlegt að gera er að koma á fótí virku eftirliti með dæmdum kynferðisafbrotamönnum þar sem áhættumat bendir til þess að viðkomandi sé líklegur til að brjóta af sér aftur. Hefur Barnaverndarstofa bæði bent Alþingi og velferðarráðuneyti á mikilvægi þess að koma upp slíku eftirliti en ekki hefur verið pólitískur vilji til að ráðast í slíkar lagabreytingar.

HBP

Viðauki III Tölfræði barnaverndarmála⁴

Tafla 1. Fjöldi ábendinga um atferli fólks sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn (skv. 35. gr. bvl.) árin 2008-2017

Ákvörðun um könnun máls	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals
Ákveðið að hefja könnun á grundvelli 21. gr. bvl.	1	1	6	3	3	15	10	3	8	10	60
Ákveðið að hefja ekki könnun á grundvelli 21. gr. bvl.	0	1	2	2	1	1	1	0	4	2	14
Fjöldi ábendinga samtals	1	2	8	5	4	16	11	3	12	12	74

Tafla 2. Fjöldi ábendinga um atferli fólks sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn (skv. 35. gr. bvl.) árin 2008-2017

Var óskað lögreglurannsóknar	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals
Já	0	0	0	0	0	3	1	0	0	0	4
Nei	1	2	8	5	4	13	10	3	12	12	70
Samtals	1	2	8	5	4	16	11	3	12	12	74

Tafla 3. Fjöldi ábendinga um atferli fólks sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn* (skv. 35. gr. bvl.) árin 2008-2017, skipting eftir því hver tilkynnir.

Tilkynnandi	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals
Aðrir	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Foreldrar barns - með forsjá	1	1	1	1	0	1	1	1	1	4	12
Leikskóli/gæsluforeldri	0	0	1	0	0	7	1	0	2	2	13
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	0	0	1	0	1	0	1	0	0	0	3
Lögregla	0	0	1	0	0	1	0	0	1	1	4
Lögregla, skóli, foreldri	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Nágranni/Almennur borgari	0	0	0	2	1	1	2	0	2	0	8
Skóla- og fristundasvið	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1
Skóli/sérfr.þj.skóla/Skóla og fristundasvið	0	0	1	2	2	6	4	0	4	5	24
Stuðlar/Meðferðarheimili/Aðrar stofnanir barnaverndarstofu	0	0	1	0	0	0	1	0	0	0	2
Þjónustumiðstöð/Starfsmenn Velferðarsviðs	0	0	0	0	0	0	1	2	1	0	4
Ættingjar	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Samtals	1	2	8	5	4	16	11	3	12	12	74

Tafla 4. Fjöldi tilkynninga 2008-2017 vegna barna á grundvelli barnaverndarlaga, skipt eftir ástæðu tilkynninga.

Ástæða tilkynningar	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Líkamleg vanræksla	18	24	18	18	13	12	14	31	26	8
Tilfinningaleg vanræksla	105	171	46	44	38	44	257	190	72	42
Vanræksla varðandi nám	31	27	29	17	24	24	41	48	58	56
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit*	1.015	1.451	1.284	1.119	1.155	1.297	1.311	1.314	1.663	1.600
*þar af foreldrar í áfengis- og/eða fjúknefnestru	-	260	192	159	158	200	240	282	270	310
Kynferðislegt ofbeldi	172	142	136	174	118	171	156	175	130	153
Líkamlegt ofbeldi	242	275	247	259	169	269	192	214	251	286
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi**	345	324	560	624	361	607	406	480	634	633
**þar af heimilisofbeldi	-	92	140	204	87	122	133	212	249	225
Neysla barns á vímuefnum	191	236	300	285	142	113	226	188	154	204
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	568	610	521	628	905	928	1.100	925	743	876
Afbrot barns	796	789	755	695	336	232	89	142	139	104
Barn beitir ofbeldi	208	154	246	201	121	107	145	158	145	180
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	92	104	68	66	50	51	38	53	55	51
Heilsa eða líf ófæðds barns í hættu	31	25	36	40	32	36	28	30	49	51
Fjöldi tilkynninga alls	3.814	4.332	4.246	4.170	3.464	3.891	4.003	3.948	4.119	4.244

Tafla 5. Fjöldi tilkynninga árin 2008-2017, skipt eftir tilkynnanda.

Tilkynnandi	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Barn/ungmennir leitaði sjálf til bvn.	11	19	26	35	21	19	13	8	12	22
Foreldrar barns - ekki með forsjá	89	107	103	71	59	61	58	56	48	41
Foreldrar barns - með forsjá	272	287	341	346	244	288	238	240	241	279
Leikskóli/gæsluforeldri	28	102	69	71	49	98	71	81	117	111
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	231	303	290	307	346	342	375	447	397	448
Lögregla	2.122	2.219	2.211	2.275	1.788	1.801	1.972	1.867	1.993	1.885
Nágranni/Almennur borgari	354	450	438	339	308	404	370	244	317	309
Skóli/sérfr.þj.skóla/Skóla og fristundasvið	286	348	330	282	281	334	329	366	396	496
Stuðlar/Aðrar stofnanir Barnaverndarstofu	34	49	50	39	26	47	28	45	19	23
Þjónustumiðstöð/Starfsmenn Velferðarsviðs	130	127	110	149	137	169	199	203	187	194
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	187	231	201	155	111	182	245	199	176	182
Önnur barnaverndarnefnd/félagsþjónusta	61	82	59	89	79	118	85	94	101	83
Aðrir	9	8	18	12	15	28	20	98	115	171
Samtals	3.814	4.332	4.246	4.170	3.464	3.891	4.003	3.948	4.119	4.244

⁴ Tölfræði velferðarsviðs Reykjavíkurborgar <http://velstat.reykjavik.is>


Tafla 6. Fjöldi barna sem tilkynnt var um árin 2008-2017, skipt eftir tilkynnanda

Tilkynnandi	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Barn/ungmennni leitaði sjálf til bvn.	8	16	24	24	17	16	10	6	11	21
Foreldrar barns - ekki með forsjá	70	82	81	55	46	50	52	49	41	33
Foreldrar barns - með forsjá	182	208	220	212	154	206	174	171	179	193
Leikskóli/gæsluforeldri	27	76	63	60	43	91	60	73	95	84
Læknir/heilsgæsla/sjúkrahús	206	254	235	261	303	285	299	378	322	344
Lögregla	1.280	1.308	1.358	1.363	1.063	1.087	1.142	1.122	1.220	976
Nágranni/Almennur borgari	257	314	312	270	240	307	273	204	251	248
Skóli/sérfr.þj.skóla/Skóla og fristundasvið	232	275	253	237	214	260	268	273	305	359
Stuðlar/Aðrar stofnanir Barnaverndarstofu	33	38	33	31	23	38	25	42	18	14
Þjónustumiðstöð/Starfsmenn Velferðarsviðs	117	107	94	130	126	135	171	171	155	155
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	131	141	127	116	89	124	159	122	120	116
Önnur barnaverndarnefnd/félagsþjónusta	58	77	54	81	76	111	83	87	99	80
Aðrir	9	8	18	12	15	27	20	89	110	149
Samtals	1.858	1.996	1.995	2.067	1.749	1.910	1.893	1.868	1.953	1.730

Tafla 7. Fjöldi barna sem tilkynnt var um árin 2008-2017, skipt eftir aldri og kyni.

Drengir	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
0-5 ára	280	340	362	331	312	423	411	490	534	486
6-12 ára	579	692	604	536	538	570	563	641	652	663
13-18 ára	1.362	1.433	1.461	1.514	1.106	1.123	1.225	1.005	1.066	1.142
Samtals	2.221	2.465	2.427	2.381	1.956	2.116	2.199	2.136	2.252	2.291
Stúlkur										
0-5 ára	299	462	490	415	371	461	441	411	563	496
6-12 ára	395	488	454	446	397	499	564	537	594	683
13-18 ára	899	917	875	884	708	779	771	834	710	774
Samtals	1.593	1.867	1.819	1.745	1.476	1.739	1.776	1.782	1.867	1.953
Bæði kyn										
0-5 ára	579	802	852	786	715	920	880	931	1.097	982
6-12 ára	974	1.180	1.058	982	935	1.069	1.127	1.178	1.246	1.346
13-18 ára	2.261	2.350	2.336	2.398	1.814	1.902	1.996	1.839	1.776	1.916
Samtals	3.814	4.332	4.246	4.170	3.464	3.891	4.003	3.948	4.119	4.244

Viðauki IV Bréf sviðsstjóra velferðarsviðs með beiðni um úttekt



Reykjavík, 12. febrúar 2018
VEL2018020008

Innri endurskoðun
b.t. Halls Simonarsonar innri endurskoðanda
Tjarnargötu 12
101 Reykjavík

Beiðni um úttekt af hálfu Innri endurskoðunar í tengslum við ætlaðar tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur árin 2002 og 2008 vegna starfsmanns Skammtímaheimilis í Hraunbergi 15

Með vísan til samtals okkar þann 1. febrúar sl., tölvupósts þann 2. febrúar sl. og fundar þann 5. febrúar sl. er með formlegum hætti óskað eftir úttekt af hálfu Innri endurskoðunar í tengslum við tilkynningar sem eiga að hafa borist Barnavernd Reykjavíkur árin 2002 og 2008 vegna [REDACTED] starfsmanns á Skammtímaheimilinu í Hraunbergi 15. [REDACTED] var hnepptur í gæsluvarðhald þann 19. janúar sl. grunaður um kynferðisbrot gegn ungum börnum.

Upplýsingar um ætlaðar tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur komu fram í fjölmiðlum þann 31. janúar sl.

Ennfremur er óskað eftir aðkomu Innri endurskoðunar að áhættugreiningu vegna sólarhringsstarfsemi fyrir börn á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 og laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Allar nánari upplýsingar eru fúslega veittar.

Virðingarfyllt


Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Afrif:
Halldóra D. Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur

Borgartúni 12-14
108 Reykjavík
Sími: 411 1111
Bréfasími: 411 9049
www.velferðarsvið.is